

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitunnar, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert veitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið, – uppsteypt – er lagt til veitunni að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir samkomulagi þar um, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 337, 4. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarmann.

16. október 1991

SKIPULAGSSKRÁ

Nr. 504

Fjallasjóðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fjallasjóður.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga á landvernd og að bæta aðstöðu ferðamanna í óbyggðum Íslands.

Vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins skal varið til að stuðla að þessum markmiðum með því að veita framlög til verkefna á þessu sviði.

4. gr.

Sjóðurinn lýtur stjórn fjögurra manna. Eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórn: umhverfisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Fulltrúi Á.T.V.R. skal vera formaður stjórnar. Hætti Fríhöfnin eða Á.T.V.R. starfsemi skulu ráðuneyti þau, er fóru með mál þessara fyrirtækja, tilnefna stjórnarmenn í þeirra stað. Ekki eru greidd laun til stjórnarmanna.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 000 kr. – fimm hundruð þúsund krónur –.

Stofnfé sjóðsins er gefið af Heineken bjórfyrirtækinu í Hollandi.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og frjáls framlög erlendra viðskiptavina stofnenda sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjármálaráðuneytinu grein fyrir tekjum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með bestu fáanlegu kjörum hverju sinni en jafnframt skal gætt fyllsta öryggis varðandi ávöxtunarmáta. Lánastarfsemi með fjármuni sjóðsins er ekki heimil.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar og aðrar ráðstafanir sem gera þarf. Ræður þar einfaldur meirihluti atkvæða. Formaður stjórnar fer með oddaatkvæði.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ríkisendurskoðun skal annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari samþykki þrír stjórnarmanna breytinguna.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til ríkissjóðs og skal varið til verkefna í samræmi við 3. gr. skipulagsskrárinnar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dómsmálaráðuneytið, 16. október 1991.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í nóvembermánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í nóvembermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|--|----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,6% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,6% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.